



Fundargerð 413. fundar í ÞVN

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, þriðjudaginn 27.1.2015 kl. 11.30 – 13.00. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Oddný Harðardóttir, Haraldur Einarsson, Björt Ólafsdóttir og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Gíslína Guðmundsdóttir, Framkvæmdasýslu ríkisins, Þráinn Hauksson, Landslagi, Sigbjörn Kjartansson, Glámu Kím, Árni Geirsson, Alta, Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi þjóðgarðsins og Guðrún St. Kristinsdóttir yfirlandvörður.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Stækkun gestastofu á Hakinu – þarfagreining kynnt.

Gestir eru Gíslína Guðmundsdóttir Framkvæmdasýslu ríkisins og Einar Sæmundsen, fræðslufulltrúi á Þingvöllum.

Lagt var fyrir nefndarmenn vinnuskjal unnið í desember 2014 sem heitir Gestastofa – Hakið, þarfagreining vegna stækkunar. Nefndarmönnum kynnt helstu atriði þarfagreiningarinnar og voru þeir samþykkir því sem þar kom fram og að verkefninu yrði haldið áfram og það borið undir nefndina um ákvarðanir. Samþykkt var óska eftir álit Forsætisráðuneytis og fleiri aðila á þessu stigi málsins.

Gíslínu Guðmundsdóttur var falið að skoða stöðu og hönnunarrétt arkitekta að núverandi Gestastofu í þjóðgarðinum.

2. Endurskoðun stefnumótunar fyrir þjóðgarðinn til 2030.

Gestir eru Árni Geirsson, Alta og Guðrún Kristinsdóttir yfirlandvörður.

Staða á endurskoðun stefnumótunar fyrir þjóðgarðinn kynnt nefndarmönnum og eru áætluð verklok í mars 2015. Viðfangsefni stefnumótunarinnar eru þinghelgin, umferð og flæði ferðamanna, sjálfsbærni og öryggi innan þjóðgarðsins. Helstu breytingar frá stefnumörkuninni felast í því að fjöldi ferðamanna hefur stóraukist, meira álag er á land þjóðgarðsins og ferðavenjur fólks hafa breyst.

Eftir er að hafa samráð við hagsmunaaðila, klára að fullmóta stefnumörkunina og að lokum kynna fyrir hlutaðeigandi aðilum.

3. Staðarval og skipulag vegna veitinga- og móttökuhúss og samkomuáðstöðu þings og þjóðar.

Gestir Þráinn Hauksson, Landslagi og Sigbjörn Kjartansson, Glámu Kím.

Endurtekin var fyrri kynning á vinnuskjali um veitinga- og móttökuhúsi á Haki, aðstaða fyrir þing og þjóð við Furulundinn og á Valhallarreitnum.

Samþykkt að hefja gerð deiliskipulags í þinghelginni og nágrenni sem nái frá Haki og inn fyrir Leirar í átt til Skógarhóla. Fyrst verði gert deiliskipulag fyrir Hakið og næsta nágrenni m.a. til að stækka byggingarreit við gestastofuna vegna stækkunar hennar. Byrjað verði á að gera rammaskipulag fyrir aðra hluta skipulagssvæðisins þ.e. inn fyrir Leira og það síðan unnið frekar í deiliskipulag.

4. Kaup á sumarbústað

Samþykkt að nýta forkaupsrétt á sumarbústað sem kann að bjóðast.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.18.